



Varðandi: Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata 102 breyting

Málsnúmer: 1701211

Dagsetning: 19. janúar 2017

SAMÞYKKT SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti að leggja til við bæjarstjórn að breyta greinargerð deiliskipulag Stofnanareits er varðaði lóðina nr. 102 við Vesturgötu. Þessi breyting er gerð þ.a. deiliskipulag sé í samræmi við gildandi aðalskipulag þar sem heimild fyrir því að nýta lóðina sem íbúðarhúsalóð.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Vesturgata 102 er innan marka deiliskipulags stofnanareits sem staðfest var af Umhverfisráðuneytinu skv. þágildandi skipulagslögum 15. apríl 1991. Lóðin er í deiliskipulaginu innan afmarkaðs reits fyrir opinberar stofnanir og merkt sem sambýli fatlaðra.

Í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 sem staðfest var 26.4.2006 var lóðin skilgreind sem íbúðarlóð í samræmi við þáverandi notkun hennar sem sambýli. 22.5.2014 var staðfest breyting á ákvæðum um lóðina og hún skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði V13. Gildandi sérákvæði aðalskipulags um lóðina eru: Þjónustustarfsemi, þjónustustofnanir og íbúðir.

Gildandi sérákvæði í núverandi greinargerð með deiliskipulagi:

Vesturgata 102 og 104, lóð visheimilis fatlaðra. Gert er ráð fyrir að stækjun þessa heimilis geti orðið á lóð nr. 104, þá einnar hæðar bygging.





Akraneskaupstaður

Lagt er til breytt sérákvæði í greinargerð með deiliskipulagi:

Á Vesturgötu 102 er gert ráð fyrir þjónustustarfsemi, þjónustustofnun og/eða íbúðum í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi. Einnar hæðar bygging.

Breytingin er í góðu samræmi við notkun byggingarinnar frá upphafi. Breytingin tekur aðeins til einnar lóðar og er ekki líkleg til þess að hafa neikvæð áhrif á nágranna eða hagsmuni annarra. Breytingin felur ekki í auknar nýtingarheimildir en felur í sér að heimilt er að nýta byggingu á lóðinni áfram til íbúðar án sérstakra kvaða um heilsufar íbúa. Breytingin er því óveruleg og skal hún afgreidd í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem heimilað er að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breytingin varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda. Auglýsingi um breytinguna skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.



Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

